

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 104/2024

2024/EES/60/22

frá 26. apríl 2024

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/191 frá 8. janúar 2024 um leiðréttingu á tilteknum tungumálaútgáfum af reglugerð (ESB) nr. 1303/2014 um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar „öryggi í járnbrautargöngum“ í járnbrautakerfi í Evrópusambandinu ⁽¹⁾.
- XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 37dba (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1303/2014) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„— **32024 R 0191:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/191 frá 8. janúar 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/191, 9.1.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2024/191, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 27. apríl 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. apríl 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/191, 9.1.2024.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.